

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Lífið er ævintýri

Ég er einfaldlega fædd með þessum ósköp-um að vera jákvæð. Ég þakka fyrir það hvern dag, ég þakka fyrir börnin mín á hverjum degi og fyrir manninn minn og allt mitt ríkidæmi. Ég er búin að fá að lifa drauma mína, það er ekki hægt að biðja um meira. – Guðrún Jónsdóttir söngkona er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10-13

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 15. maí 2014 · 19. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Hellulögn í Hafnarstræti

Þú færð allt til handfæraveiða hjá okkur

- KRÓKAR
- HANDFÆRAGIRNI
- SÖKKUR
- SIGURNAGLAR
- RÖLLUGEYMAR
- DÆLUR
- SJÓFATNAÐUR

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opíð mánudaga til föstudaga 8-18

Opíð laugardaga 10-14

Sími: 456-1300

Kíktu til okkar í Hafnarstræti 9 Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is



Tilkynning frá kjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar

Kjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur úrskurðað neðangreinda framboðslista löglega og gilda til framboðs í kosningum til sveitarstjórnar í Bolungarvíkurkaupstað sem fram fara 31. maí 2014.

Sjálfstæðismenn og óháðir – D listi:

1. Elías Jónatansson, bæjarstjóri
2. Margrét Jómundsdóttir, starfsmaður félagsþjónustu
3. Guðbjörg Stefánía Hafþórsdóttir, grunn- og leikskólakennari og nemi
4. Baldur Smári Einarsson, viðskiptafræðingur og bæjarfulltrúi
5. Helga Svandís Helgadóttir, grunnskólakennari
6. Einar Guðmundsson, umboðsmaður
7. Sunna Rey Sigurjónsdóttir, bóndi
8. Guðrún Halldóra Halldórsdóttir, þjónustufulltrúi og háskólanemi
9. Hafþór Gunnarsson, pípulagningameistari
10. Elísabet María Pétursdóttir, leikskólasérkennari
11. Andri Rúnar Bjarnason, knattspyrnumaður
12. Einar Guðmundsson, skipstjóri
13. Guðrún Valdís Benediktsdóttir, verslunarstjóri
14. Jón Guðni Pétursson, skipstjóri

Máttur meyja og manna – M listi:

1. Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri og frumkvöðull
2. Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir, grunnskólakennari
3. Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður
4. Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir, hárgreiðslumeistari
5. Arndís Aðalbjörg Finnbogadóttir, atvinnurekandi
6. Linda Björk Harðardóttir, matráður
7. Ólína Adda Sigurðardóttir, stuðningsfulltrúi
8. Birna Hjaltalín Pálmadóttir, sálfræðinemi og athafnakona
9. Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, musterisvörður
10. Monika Anna Gawek, stuðningsfulltrúi
11. Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir, sjúkraliði og rafvirki
12. Solveig Edda Vilhjálmisdóttir, myndlistarkona og hönnuður
13. Inga Rós Georgsdóttir, kraftlyftingakona og þjóðfræðinemi
14. Þóra Hansdóttir, tryggingafulltrúi

Bolungarvík, 11. maí 2014
Kjörstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar
Sólrún Geirsdóttir,
Pálína Jóhannsdóttir,
Sigurjón Sveinsson.

Skilaði hagnaði níunda árið í röð

Hagnaður varð af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. (OV) á síðasta ári, níunda árið í röð. Þetta kom fram á aðalfundi fyrirtækisins á föstudag. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2013 varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta 278,5 milljónir, en þegar tekið er tillit til tekjuskatts er hagnaður ársins 222,9 milljónir. Afskriftir námu 240 milljónum. Eignir OV í árslok 2013 voru 6,5 milljarðar og heildarskuldir 983 milljónir. Eigið fé nam því 5,5 milljarði sem er um 84,9% af heildarfjármagni.

Á árinu 2013 var 681 milljónum varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 27,5 milljónir. Fjárfestingar ársins voru að mestu kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Í lok febrúar 2014 tilkynnti Landsvirkjun að skerða þyrfti raforku inn á hitaveitukatla OV í mars og apríl sökum lágrar vatnsstöðu í lónum. Því þurfti að nota olíu til að kynda hitaveituna

þennan tíma og varð viðbótar-kostnaður fyrirtækisins um 200 milljónir. Með vísan til framan-skráðs lagði stjórn OV til á aðalfundi að ekki yrði greiddur arður heldur yrði hagnaður ársins 2013 lagður við höfuðstól og nýttur til að mæta framangreindum viðbótarkostnaði.

Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var með minna móti sökum tíðarfarsins eða rúmar 84 GWh. Í aftakastormi síðustu daga janúar brotnuðu flutningslínur og urðu verulegar truflanir í flutningskerfi og dreifikerfi raforku.

Í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf. voru kosin Viðar Helgason, Reykjavík, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafirði, Daníel Jakobsen, Ísafirði, Viktoría Rán Ólafsdóttir, Hólmavík, og Árni Brynjólfsson, Öndarfirði.


Nýkjörin stjórn kom síðan saman til fundar og skipti með sér verkum. Viðar Helgason var kjörinn formaður stjórnar, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir varaformaður og Viktoría Rán Ólafsdóttir ritari.

– smari@bb.is

Fjárframlög til framboða í Ísafjarðarbæ 800 þúsund

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu bæjarritara um úthlutun fjárframlags til stjórn-málasamtaka í sveitarfélaginu, sem verður 800.000 krónur í ár. Samkvæmt lögum ber sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið að minnsta kosti 5% atkvæða í sveitarstjórnarkosningum fjárframlög til starfsemi sinnar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum voru 2.122 gild atkvæði í Ísafjarðarbæ. Samkvæmt minnisblaði bæjarritara sem lagt var fram á fundi bæjarráðs fékk K-listinn 80 atkvæði eð 3,62 og engan mann kjörinn. Skipting atkvæða milli þeirra aðila sem fengu mann/menn kjörna og/eða að minnsta kosti 5% atkvæða er þannig, að B-listi fékk 301 atkvæði (14,81%), D-listi 891 atkvæði (43,85%) og Í-listi 840 atkvæði (41,34%).

Árið 2010 voru samþykktar breytingar á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, sem fólu meðal annars í sér að á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skuli úthlutun



framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

Lagt var til, og samþykkt, að greitt verði fyrir fyrstu 5,5 mánuði ársins, þ.e. til 15. júní, í samræmi við sveitarstjórnarkosningar 2008, samtals 366.667 krónur, sem skiptist þannig að B-listi fái 54.303 krónur, D-listi 160.783 krónur og Í-listi 151.580 krónur. Þá verður greitt fyrir tímabilið 15. júní til ársloka 433.333 krónur í samræmi við kjörfylgi í sveitarstjórnarkosningunum sem fara fram nú í lok maí, og verður skipting reiknuð út þegar kjörfylgi liggur fyrir.

– harpa@bb.is

Sumarið er tíminn!

Við bjóðum upp á úrval sumarfangastaða

Tenerife



HOVIMA SANTA MARIA

Íbúð með einu svefnherbergi.

Verð frá **118.700 kr.**

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.

Verð frá **126.200 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Ferðatímabil: 2.-9. júlí.

Almería



PIERRE VACANCES

Íbúð með tveimur svefnherbergjum.

Verð frá **113.819 kr.** á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

Verð frá **146.638 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Ferðatímabil: 5.-12. ágúst.

Marmaris



LIMAN APART

Íbúð með einu svefnherbergi.

Verð frá **109.400 kr.** á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

Verð frá **124.800 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Ferðatímabil:

29. maí-12. júní.

Albír



ALBIR PLAYA

Tvíbýli með morgunverði.

Verð frá **109.867 kr.**

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

Verð frá **124.425 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Ferðatímabil: 19.-26. júní

Benidorm



PARAISO CENTRO

Íbúð með einu svefnherbergi.

Verð frá **99.798 kr.**

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.

Verð frá **120.797 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Ferðatímabil: 15.-22. júlí.

Barcelona



HOTEL CIUTADELLA BARCELONA - HELGARFERÐ -

Tvíbýli með morgunverði

Verð frá **114.100 kr.**

á mann m.v. tvo fullorðna

Ferðatímabil: 27.-30. júní.

Costa Brava



XAINE PARK HOTEL

Tvíbýli með hálfu fæði.

Verð frá **99.900 kr.**

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

Verð frá **117.800 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Ferðatímabil: 11.-18. júlí

Alicante borg



BEST WESTERN ALBAHIA

Herbergi með morgunverði

Verð frá **96.000 kr.**

á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.

Verð frá **108.300 kr.**

m.v. tvo fullorðna.

Ferðatímabil:

5. - 13. ágúst

Við bendum á að fleiri verðdæmi og áfangastaði eru að finna á síðunni okkar, www.urvalutsyn.is.

Þau eru ávallt stór fin, fríin með Úrval Útsýn

Nánar á urvalutsyn.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is Facebook



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfnum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Skammsýni

Á misjöfnu þrífast börnin best. Af þessu spakmæli hefur meðal annars verið dregin sú ályktun að sóttvarnarskipti sem umlykur nútímabarnið sé tvíeggjað. Með þessari glóruleysi steriliseringu tapi mannslíkaminn smátt og smátt eiginleikum til að mynda eigin varnir gegn utanaðkomandi áreitni, bakteríum sem nóg virðist vera af í andrúmloftinu þrátt fyrir sóttvarnir og plastumbúðir í tonna vís.

Eitt af því sem ráðamönnum hefur tekist að telja obba þjóðarinnar trú um er að kúamjólkinn, sem trúlega á drýgstan þátt í að nógu mörg börn tórði af hörmungar liðinna alda, svo þjóðin hélt velli, sé með öllu ódrekkandi eins og hún kemur frá skepnunni. Jafnvel stórhættuleg. Ekki er þó vitað til að drykkja spenvolgrar mjólkur hafi verið banamein nokkurs manns!

En mjólk er ekki bara mjólk. Þannig er kúamjólkinn eitt og geitamjólkinn allt annað; afurð sem margir geta neytt þótt kúamjólkinn valdi þeim vandkvæðum. Þó geitin hafi fylgt landanum í gegnum aldir (mjólkurkúr fátæka mannsins) hefur hún aldrei náð föttestu í bústofni landsmanna. Hvað sem veldur, hafa stjórnmöld sniðgengið geitabændur með alla styrki. Og því er nú svo komið að íslenski geitastofninn, sem telur aðeins um 850 dýr, er í útrýmingarhættu. Stærsta geitabús landsins, með um 22% af stofninum, er komið í þrot. Verði ekkert aðhafst munu 190 fullorðin dýr og 200 kiðlingar á Háafelli í Hvítársíðu verða leidd til slátrunar í haust. Blaðafregni herma að aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra hafi ekki áhyggjur af slátruninni og formaður erfðanefndar landbúnaðarins telur ólíklegt að nokkur maður fari út í geitfjárrækt. (Slæmur bisses, óríkisstyrktur!) Samkvæmt svonefndum RÍÓ-sáttmála ber stjórnmöldum þó lagaleg skylda til að vernda geitastofninn.

Gefum bóndanum á Háafelli orðið: „Mjólkursamsalan vill ekki taka við mjólkinni og ég má ekki selja ógerilsneydda mjólk. Það væri bara glapræði að gerilsneyða þessa hollu og góðu afurð og gera svo úr henni gerilsneydda osta. Geitamjólkinn er með þrefalt meira af bakteríu-hemjandi efnum en kúamjólkinn. Þetta er líka eina landið sem eg veit um í heiminum þar sem þú mátt ekki fara til geitabónða og kaupa afurðir beint af honum. Svo skil eg alls ekki af hverju það má flytja inn eitt kíló af ógerilsneyddum osti til eigin neyslu en ekki koma til mín og kaupa ógerilsneyddan ost til eigin neyslu.“ (Fréttatíminn 14.-16. mars)

Ekki er að spyrja að íslenska landbúnaðarkerfinu. Kinnroðalaust virðast stjórnmöld og ráðamenn í þessum geira láta sér standa á sama þótt geitarinnar bíði sömu örlög og Geirfuglsins.

s.h.

Spurning vikunnar

Fylgist þú með Eurovision keppninni?

Alls svöruðu 457.
Já sögðu 325 eða 71%
Nei sögðu 132 eða 29%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Niðurstaðan sú besta í sögu Ísafjarðarbæjar

„Það er náttúrulega mjög jákvætt að tekjur eru að vaxa nokkuð mikið, eða um 300 milljónir ríflega á milli ára í samstæðunni. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er að vaxa um 100 milljónir og niðurstaðan er sú besta nokkurn tímann í sögu Ísafjarðarbæjar,“ sagði Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, í fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku um ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2013. Hann benti á að tap sveitarfélagsins árið 2011 hafi verið nánast jafnmikið og hagnaðurinn síðasta ár.

„Þannig að viðsnúningurinn frá árinu 2011 er 600 milljónir,“

sagði hann. Í máli hans kom einnig fram að eignir bæjarins hafi aukist um 300 milljónir á sama tíma og langtímalán lækka úr 3,5 milljörðum króna í 3,2 milljarða og heildarskuldir lækka mjög lítillega, eða um 200 þúsund krónur.

„Sá liður sem ég er spenntastur fyrir og ég held að fólk skilji, er að þegar maður segir að á síðastliðnu ári fjárfestum við fyrir 440 milljónir, greiddum lán niður um 380 milljónir en tókum einungis 160 milljónir að láni. Og það skýrir náttúrulega það að veltufé frá rekstri er 675 milljónir, sem er 250 milljónum betra heldur en

í fyrra, sem var metár. Þannig að þetta er náttúrulega virkilega ánægjulegt fyrir íbúana að okkur hafi tekist hérna öllum saman að snúa þessum rekstri okkar til betri vegar og við höfum núna að mínu mati tækifæri til þess að gera eitthvað.

Við höfum verið í varnarbaráttu síðastliðin fjögur ár, en núna eru sóknarfæri. En engu að síður þá er reksturinn alltaf viðkvæmur og þarf að fara að með gát, en ég tel að við séum í öfundsverðri stöðu núna til að sækja fram í og fara í skemmtileg verkefni,“ sagði Daníel.

– harpa@bb.is

Olíutankarnir við Mjósund klipptir sundur

Olíutankar Orkudreifingar ehf. við Mjósund á Ísafirði hafa verið klipptir niður, en fyrirtækið samdi við endurvinnslufyrirtækið Furu ehf. um niðurrífið. Fura kom með tugmilljóna græjur til að vinna þetta verk og áætlaði um það bil viku í þá vinnu. „Svo er búið að hafa samband við okkur frá Bolungarvík vegna verkefnis þar, en það á eftir að koma betur í ljós. Gætum alveg tekið að okkur fleiri verkefni þegar þessu lýkur,“ sagði Gunnar Garðarsson hjá Furu í samtali við Bæjarins besta.

Allar girðingar og flest steipt mannvirki verða einnig fjarlægð af lóðinni og fara verður í mikla hreinsun á jarðvegi. Olía hefur seytlað niður í jarðveginn áratugina sem tankarnir hafa verið í notkun, en áætlun um hvernig



staðið verður að skoðun og hreinsun jarðvegs liggur fyrir.

Olíudreifing hefur fært alla starfsemi sína á Ísafirði í nýja birgðastöð á Mávagarði.

Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er þetta svæði skilgreint sem miðsvæði. Einhver bið verður þó á því að hægt verði að byggja þar. Umtals-

verð hreinsun verður að eiga sér stað áður en hægt verður að úthluta lóðum og einnig verður að fara í gerð deiliskipulags. Þá skiptir einnig miklu máli hvort nýta eigi svæðið undir iðnaðarhús eða íbúabyggð, en mun meiri kröfur eru um hreinsun á jarðvegi verði íbúabyggð á svæðinu.

– harpa@bb.is

Rotex on Board frá 3X í Fríðu Dagmar

Fiskvinnslan Jakob Valgeir ehf. í Bolungarvík hefur gert samning við tæknifyrirtækið 3X Technology á Ísafirði um búnað á vinnsludekki í línubátnum Fríðu Dagmar ÍS-103. Þetta er annað kerfið sem 3X Technology setur í bát frá Jakobi Valgeir, en nú þegar er sams konar kerfi í Jónínu Brynju ÍS-55. Að sögn Ragnars A. Guðmundssonar hjá 3X Technology eru menn mjög sáttir við kerfin og almennt mikill áhugi í fiskigeiranum á lausninni frá 3X.

„Menn eru að sjá það svart á hvítu að gæði hráfnisins stór-

aukast, blærinn á fiskholdinu verður mun betri, sem skilar sér alla leið til neytandans. Mikil vitundarvakning hefur orðið undanfarið og menn eru farnir að spá mun meira í gæðum og hámörkun á verðmæti vöru sinnar,“ segir Ragnar. Samningurinn var undirritaður á sjávarútvegssýningu í Brüssel sem er nýafstaðin.

Búnaðurinn sem um er að ræða er hið svokallaða „Rotex on Board“ skipakerfi, en þetta kerfi tryggir rétta blæðingu á fiski eftir blóðgun. Eykur það geymsluþol afurðarinnar, nýtingu, eldsneytis-

hagvæmni og stjórn á dauðastirðnun, auk þess að holdlitur afurðarinnar verður ljósari.

„Í samvinnu við fiskimenn um allan heim hefur 3X Technology þróað leyfisbundna ROTEX blóðgunar- og kællausn um borð í skip fyrir hvítisk, flatfisk og uppsjávarfisk. Viðskiptavinir okkar hafa fengið herra verð og betra mat á fiski unnum úti á sjó í ROTEX skipakerfi því að með öruggri stjórn á blóðgunar- og kælitíma nást stöðug og frábær gæði,“ segir á vef fyrirtækisins.

– harpa@bb.is



LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA
Hafnarstræti 9
400 Ísafirði
Sími: 456-4233
www.lvest.is
afgr@lvest.is

Starfsemi á árinu 2013

(Allar fjárhæðir í milljónum kr.)

Efnahagsreikningur: 31.12.2013 31.12.2012

Fasteignir	30	31
Verðbréf með breytilegum tekjum	17.493	15.092
Verðbréf með föstum tekjum	15.375	14.963
Veðlán	668	706
Bundin innlán	453	237
Kröfur	483	588
Aðrar eignir	153	201
Skuldir	-72	-157

Hrein eign til greiðslu lífeyris 34.583 31.661

Breytingar á hreinni eign 2013 2012

Iðgjöld	1.201	1.128
Lífeyrir	-971	-916
Fjárfestingartekjur	2.825	3.398
Fjárfestingargjöld	-37	-27
Rekstrarkostnaður	-96	-94

Hækkun á hreinni eign á árinu 2.922 3.489

Hrein eign frá fyrra ári 31.661 28.172

Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris 34.583 31.661

Kennitölur 2013 2012

Nafnávöxtun	8,6%	11,7%
Raunávöxtun	4,9%	7,1%
Vísitöluhækkun	3,7%	4,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-4,9%	-7,6%
Eignir í ísl. kr.	69,8%	70,9%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	30,2%	29,1%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	3533	3360
Fjöldi lífeyrisþega	1638	1581

Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins 2013 var 8,6% sem jafngildir 4,9 % raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins sl. 5 ár er 2,6%. Raunávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu var 5,8%, erlendra hlutabréfa 9,7%, veðskuldabréfa 4,6%, markaðsbréfa fyrirtækja 3,3%, skuldabréfa sveitarfélaga 4,9% og ríkisskuldabréfa 6,4%.

Séreign

Hrein eign séreignardeildar í árslok var 583 milljónir og hafði hækkað um 63 milljónir frá fyrra ári. Hækkun eigna deildarinnar milli ára er 12,1%. Nafnávöxtun ársins var 13,2%, sem jafngildir 9,5% raunávöxtun.

Tryggingarfræðileg staða

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaaðkvæði laga um lífeyrissjóði setur.

Ársfundur 2014

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 20. maí nk. kl. 18.00 á Hótel Ísafirði. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og lífeyrisþegum með málfrelsi og tillögurétt. Hvetur stjórn sjóðsins sem flesta sjóðfélaga til að mæta á fundinn. Þátttaka staðfestist við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 20. maí í síma 456-4233 eða með tölvupósti á afgr@lvest.is. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn sjóðsins

Katrín Skúladóttir, formaður stjórnar
Jón Grétar Kristjánsson

Finnbogi Sveinbjörnsson, varaformaður stjórnar
Margrét Jóhanna Birkisdóttir, ritari

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðrún K. Guðmannsdóttir



NÁMSKEIÐ

Námskeið í stjórn og meðferð gaffallyftara, hleðslukrana, dráttarvéla með tækjabúnaði, körfubíla, steypudæla og valtare verður haldið í Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12 Ísafirði, ef næg þátttaka fæst.

Mánudaginn 26. maí

Þriðjudaginn 27. maí

Miðvikudaginn 28. maí

Verð er 39.000 kr. á þátttakanda

Skráning er á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.ver.is,

í síma 550 4653 og á netfang elisabet@ver.is

Ath. hægt er að sækja um styrk til verkalýðsfélaga.

Síðasti skráningardagur er 22. maí 2014



Heimavist MA og VMA á Akureyri



Umsóknarfrestur er til 10. júní 2014

Nánari upplýsingar og umsóknir á heimasíðunni:

www.heimavist.is

Hlökkum til að sjá ykkur í haust.

Starfsfólk Heimavistar MA og VMA.

Á heimavistinni búa um 330 framhaldsskólanemendur.

Heimavistin er gott og öruggt heimili þar sem vel er búið að íbúum.

Gísli Halldór í bæjarstjórnastólinn?

Í-listinn í Ísafjarðarbæ hefur ákveðið að Gísli Halldór Halldórsson, núverandi formaður bæjarráðs, verði ráðinn bæjarstjóri að loknum kosningum, ef Í-listinn fær brautargengi til þess. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Í-listanum. „Við sem stöndum að Í-listanum höfum fjölbreyttan bakgrunn og ólíka reynslu, en það sem sameinar okkur er vilji til að vinna vel saman, með hagsmuni íbúa Ísafjarðarbæjar að leiðarljósi. Þetta hefur verið grunnstef Í-listans frá því að hann bauð fyrst fram fyrir átta árum og er enn,“ segir enn fremur í tilkynningunni en þar segir einnig, að ráðning Gísla Halldórs sem bæjarstjóra, ef Í-listinn fær til þess brautargengi, eigi að undirstrika og auka enn frekar þessa breidd.

„Sem formaður bæjarráðs undanfarið ár hefur Gísli Halldór reynst okkur vel sem höfum starfað með honum í bæjarstjórninni. Við höfum fundið málefnalegan samhljóm í veigamiklum málum sem snerta bæjarfélagið og má þar nefna kröfuna um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í viðræðum okkar undanfarið hefur málefnaleg samstaða komið enn betur í ljós, t.d. hvað varðar bættu stjórnsýslu og virkara íbúalýðræði. Gísli Halldór hefur sýnt að hann er hreinskiptinn, samstarfsfús og leggur sig fram í störfum sínum. Við teljum að sú reynsla og þekking á sveitarstjórnarmálum sem Gísli Halldór hefur aflað sér sem bæjarfulltrúi síðastliðin átta ár muni nýtast íbúum Ísafjarðarbæjar vel og við treystum honum til að fylgja eftir pólitískri stefnumörkun okkar í starfi bæjarstjóra. Saman viljum við vinna að hagsmunum Ísafjarðarbæjar á breiðum grunni,“ segir í tilkynningunni sem undirrituð er af Örnú Láru Jónsdóttur oddvita listans.

Tilkynningunni fylgdi einnig yfirlýsing frá Gísla Halldóri sem

hljóðar svo:

„Í-listinn hefur á að skipa fólki með breiða pólitíska skírskotun og er að mínu mati það þverpólitíska framboð sem fjöldi kjósenda hefur kallað eftir. Sú ákvörðun Í-listans að gera mig að bæjarstjóraefni sínu undirstríkar enn frekar þessa þverpólitísku stöðu framboðsins. Ég er þess fullviss að reynsla mín til viðbótar þeirri breidd mannavals sem á Í-listanum er muni geta orðið Ísafjarðarbæ til farsældar á komandi árum.

Sú ákvörðun að gefa kost á starfskröftum mínum sem bæjarstjóraefni Í-listans var tekin að vel yfirveguðu máli. Hún er rökrétt framhald af starfi mínu undanfarin ár í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ár, en á þeim tíma hef ég öðlast mikla þekkingu og reynt margt, flest jákvætt en einnig sitthvað neikvætt. Þessi ákvörðun tel ég einnig að sé í samræmi við óskir fjölmargra kjósenda um að gömlu flokkarnir verði ekki ráðandi í sveitarstjórn á næsta kjörtímabili og að starfa minna sé óskað.

Á undanförunum mánuðum hefur verið mikill þrýstingur á mig að gefa kost á mér í komandi sveitarstjórnarkosningum. Ég hef enn brennandi áhuga á sveitarstjórnarmálum en gat hinsvegar ekki með góðu móti sannfært sjálfan mig um að hugsanlegt sérframboð mitt, eða þátttaka mín í öðru nýju framboði, tryggði breytingar á hinu pólitíska landslagi í Ísafjarðarbæ.

Undanfarin tvö kjörtímabil hef ég aflað mér umtalsverðrar reynslu af sveitarstjórnarmálum og stjórnsýslu hjá Ísafjarðarbæ. Þessa reynslu langar mig að nýta í þágu bæjarbúa með því að taka við starfi bæjarstjóra. Það sem ég tel mitt mikilvægasta hlutverk í þessu starfi er að auka skilvirkni stjórnsýslunnar og tryggja áhrif ákvarðana kjörinna fulltrúa og að skoðanir bæjarbúa komist til skila.“

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Háls-, nef- og eyrna-læknir á Ísafirði

Sigurður Júlíusson, háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 21.-23. maí.

Tímapantanir í síma 450 4500 milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.



Pampers
Gott verð
á bleium
í Bónus



Midi 104 stk. 2598 kr.
Aðeins **25 KR.STK**

Maxi 86 stk. 2598 kr.
Aðeins **31 KR.STK**

Maxi + 80 stk 2598 kr.
Aðeins **33 KR.STK**

Junior 80 stk. 2598 kr.
Aðeins **33 KR.STK**



**KJÖRFUGL HEILL FERSKUR
KJÚKLINGUR**



KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR



KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR



KJÖRFUGL FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR



Steiktur laukur 100G



EUROSHOPPER Blautþurrkur 72 stk.



**BÓNUS
SAMLOKUR**



**198
kr. 300g**



OMO ÞVOTTAEFNI 80 ÞVOTTAR



**1998
krónur 6.4 kg**

Skemmdarverk á bílum á Ísafirði

Lögreglunni bárust þrjár tilkynningar um eignaspjöll á bílum á Ísafirði aðfaranótt sunnudags. „Þetta eru þrjár mannlausar bifreiðar sem um ræðir, þ.e. afturrúður þeirra brotnar. Við óskum eftir upplýsingum í síma 450 3730 frá þeim sem einhverja vitneskju hafa um þessi eignaspjöll,“ segir Hlynur Snorrason yfirlögregluþjónn.

Aðspurður hvort einhverjar vísbendingar séu um að um sömu aðila sé að ræða og frömdu skemmdarverk á níu bílum og brutu rúður í nokkrum húsum á Ísafirði fyrir um mánuði segir Hlynur að lögreglan telji að ekki sé tenging þar á milli. „Þau mál



Skemmdir voru framdar á þremur bílum á Ísafirði á helginni. Myndir: ÚÞÚ.

eru flest upplýst. Við teljum að ekki sé samhengi á milli þeirra og þessara eignaspjalla um helg-

ina, þ.e. að sömu aðilar séu hér á ferðinni,“ segir hann.

– harpa@bb.is



Lögreglan óskar eftir upplýsingum frá þeim sem einhverja vitneskju hafa um þessi eignaspjöll.

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Ráðsmaður/rafvirkir

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði óskar að ráða ráðsmann/rafvirkja frá 1. júní. Starfshlutfall samkomulag. Um er að ræða húsvörslu, vinnu við viðhald og eftirlit ásamt fleiri verkefnum. Laun samkvæmt kjarasamningi og stofn- anasamningi.

Upplýsingar gefur Sigrún C. Halldórsdóttir, skrifstofu- og fjármálastjóri í síma 450 4500. Vinsamlegast sendið umsóknir fyrir 25. maí til **Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða**, bt. Sigrúnar C. Halldórsdóttur, Torfnesi, 400 Ísafirði.

Umsóknareyðublöð er að finna á vefnum www.hvest.is undir viðkomandi starfsauglýsingu eða í afgreiðslu á Torfnesi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

Æ-listi Bjartrar framtíðar í Ísafjarðarbæ

Benedikt Bjarnason þjónustufulltrúi á Ísafirði skipar efsta sætið á lista Bjartrar framtíðar við komandi bæjarstjórnarkosningar í Ísafjarðarbæ.

Í öðru sæti er Aðalheiður Rúnarsdóttir, fulltrúi hjá LífVest, Ísafirði í því þriðja Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Edinborg, Ísafirði, og í fjórða sæti Anna Guðrún Gylfadóttir, byggingarfulltrúi, Ísafirði.

„Eftir að skoðanakönnun, sem birtist um síðustu helgi [fyrri helgi] sýndi að fylgi væri með framboðinu, höfum við fundið fyrir miklum meðbyr. Vel hefur gengið að finna fólk til að styðja framboðið og einnig að finna fólk sem er tilbúið að vera á lista og vinna fyrir Bjarta framtíð í kom-

andi kosningum,“ segir í tilkynningu frá framboði Bjartrar framtíðar í Ísafjarðarbæ.

„Listinn ber heitið Björt Framtíð Ísafjarðarbæ og er óskað eftir því að honum verði úthlutað listabókstafnum Æ. Næstu skref hjá okkur eru málefnavinna og stefnumótun framboðsins. Að henni lokinni fá munum við koma stefnunni á framfæri við kjósendur í Ísafjarðarbæ. Björt framtíð í Ísafjarðarbæ stefnir á að ná þremur mönnum í bæjarstjórn, segir einnig í tilkynningunni.

Listinn er að öðru leyti þannig skipaður: 5. Ómar Örn Sigmundsson, vélstjóri, Hnífsdal, 6. Sunneva Sigurðardóttir, hár-

greiðslumeistari, Ísafirði, 7. Jóhann D. Svansson, bakari, Ísafirði, 8. Gunnlaugur I.M. Grétarsson, leiðsögumaður, Ísafirði, 9. Bryndís Ósk Jónsdóttir, saksóknari, Ísafirði, 10. Stígur Berg Sophusson, skipstjóri, Ísafirði, 11. Freyja Rein Grétarsdóttir, verkakona, Ísafirði, 12. Ólöf Öfjörð, dagforeldri, Ísafirði, 13. Guðmundur Heiðar Svanbergsson, sjúkraflutningamaður, Ísafirði, 14. Hrunn Sæmundsdóttir, þjónustufulltrúi, Ísafirði, 15. Stefánía Kristín Leiknisdóttir, nemi, Ísafirði, 16. Sigurður Aron Snorrason, matreiðslumaður, Ísafirði, 17. Salóme Magnúsdóttir, nemi, Ísafirði, 18. Valdimar Hreiðarsson, prestur, Suðureyri.

Dauf kosningabaráttu

Enn sem komið er verður kosningabaráttan að teljast fremur dauf og líflítill. Ekki er að greina nein tilþrif heldur mætti ætla að beðið væri næsta þáttar í sænskum menningarþætti þar sem hver þátttakandinn á fætur öðrum reyndi að vera hinum gáfulegri á þennan sérstaka líflausa hátt sem gjarna hefur verið rakinn til Svíþjóðar. „Við erum nefnilega svo klár, sniðug, greind og skemmtileg á okkar hámenningarlega máta, sem hinn sauðsvarti almúgi á svo erfitt með að skilja vegna lágmenningarlegs hugsunarháttar, að þið náðið því alls ekki.“ Eftir nokkra skoðun á framboðslistum lítur nú út fyrir að frambjóðendur hverra heita sem þeir þykjast heyra til séu fyrst og fremst að leitast við að vera hófsamir og ofbjóða ekki fórnarlömbum hrunsins. Vinstri grænir hafa nú ákveðið að veðja á börn og barnafjölskyldur, þó allir viti að efnd þeirra loforða muni kosta umtalsverða skattpeninga. Enda er það svo að það kemur til eftir kosningar að láta hald þeirra loforða reynast einhvers virði.

Sjálfstæðisflokkurinn fer nú fram um land allt í skugga þeirra sem vilja flytja stjórnsýslu til Brussel. Það gerir svo sem ekkert til. Enn eru þrjú ár í næstu alþingiskosningar. Hver man þá eftir Jórinni Frímansdóttur og hennar líkum, sem ekki vilja sitja lengur í borgar- eða bæjarstjórn af því að Brussel heillar meira

en viðfangsefni nándarinnar, þau sem snerta íbúana mest, götur og leikvöllir. Sveitarstjórnarkosningar snúast ekki um Brussel heldur um skóla fyrir börnin okkar, leikskóla, götur og bílastæði, leyfi til þess að vera til í okkar nánasta umhverfi án of mikilla afskipta þeirra sem vit vilja hafa fyrir öllum. Þar hallast ekki á með Bjartri framtíð og Samfylkingu, sem þó virðist lúta í lægra haldi bæði fyrir þeim björtu og útgöngumönnum úr Sjálfstæðisflokki, sem brátt verður 85 ára í skugga þessar útgöngu, sem virðist þó ekki höfða til hins almenna kjósanda Sjálfstæðisflokksins heldur til bjartra og þeirra sem hafa kosið Samfylkingu síðustu kosningar þótt þeim hafi fækkað mjög 2013.

Framsóknarflokkurinn er þeirrar undarlegu náttúru gæddur að hafa mikið þanþol, geta teygst og skroppið saman eftir því sem vindar blása. Heldur virðist samdrátturinn vera í sókn um þessar mundir, einkum eftir að Guðni Ágústsson ákvað af mikilli skynsemi að vera áfram hættur í pólitík.

Hann valdi kúna fremur en kjósendur, enda hefur hún reynst Framsókn drjúg um nærri aldar skeið. Píratar eru óráðin gáta eftir misheppnaða veraldarsókn Birgittu og hvarf kvikmyndarinnar sem færa átti henni heimsfrægð. Aðrir gætu svo sem komið á óvart, en vart.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif- um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

FÉLAGSHEIMILI BOLUNGARVÍKUR

Sjómannadagurinn í Bolungarvík

Matur – Skemmtun – Ball



**Félagsheimili
Bolungarvíkur**

**laugardagskvöldið 31. maí
næstkomandi kl. 20:00**

Priggja rétta matseðill að hætti **Snorra Bogasonar**

- *Sjávarréttapate með sítrónusósu*
- *Lambaprime með rabbabarakompott, grænmeti, bakaðri kartöflu og sósu*
- *Ostakaka með þeyttum rjóma*



Veislustjóri er **Víkingur
Kristjánsson**
leikari.



Hljómsveitin **Suðvestan fimm**
leikur fyrir dansi fram á rauða nótt.

Jóhanna Guðrún og **Böddi Dalton**

syngja á dúndurdansleik að borðhaldi loknu ásamt

Selvadore Rähni hljómborð,

Davíð Sigurgeirssyni gítar,

Guðmundi Hjaltasyni bassa og

Hauki Vagnssyni trommur.

Verð á mat og dansleik 7500,-

Verð 7000,- fyrir 10 manns eða fleiri.

Verð á dansleik 2500,-

Verð á dansleik í forsölu 2000,-

Miðapantanir í síma 456-7901



Aðalstræti 24 - 415 Bolungarvík

Lífið er ævintýri

Guðrún Jónsdóttir sópransöngkona í Hnífsdal er lífsglöð og jákvæð og hláturmild. Slíkt er alveg bráðsmítandi, eins og kunnugt er. Fólk sem vill forðast smit af því tagi ætti ekki að lesa þetta viðtal.

Guðrún kennir söng hjá Margréti Gunnarsdóttur í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði. „Ég kenndi í Tónlistarskóla Ísafjarðar eftir að ég kom hingað vestur en hætti að kenna þegar dóttir mín greindist með sykursýki. Vegna þess að ég var svo lánsöm að fá að eignast þessi tvö börn, alveg við það að detta úr barneign, þá mat ég stöðuna þannig að ég vildi verja tímanum með börnunum mínum, og ég kenndi ekkert í fimm ár, að mig minnir. Ég helgaði mig bara börnum og fjölskyldu og dýrum og alls konar hlutum öðrum. En svo hef ég kennt hjá Margréti núna í tvo vetur.“

Hún segist stefna að því að kenna meira næsta vetur. „Ég var bara í hlutastarfi í vetur. Það er mjög skemmtilegt hjá okkur Margréti. Okkur tekst líka að gera leiðinlega hluti alveg ljómandi skemmtilega og getum hlegið að flestu.“

– Ef þú getur það ekki, þá getur það enginn.

Guðrún skellihlær. „Veistu, lífið er bara svo skemmtilegt og dýrmætt. Ég hef kosið að sjá húmorinn í sem flestu, sjá spaugilegu hliðarnar á lífinu. Ég segi alltaf: Þú lendir í alls konar aðstæðum sem eru misgóðar og misskemmtilegar, stundum sárar og sorglegar, en þú stjórnar því alveg sjálfur hvernig þú vinnur úr því.“

Ég er einfaldlega fædd með

þessum ósköpum að vera jákvæð. Ég þakka fyrir hvern dag, ég þakka fyrir börnin mín á hverjum degi og fyrir manninn minn og fyrir allt mitt ríkidæmi. Mér finnst ég svo lánsöm manneskja. Ég er búin að fá að lifa drauma, búin að upplifa það að vera söngkona, að vera á sviði, að fá að eignast börn, eignast eigin fjölskyldu, og það er ekki hægt að biðja um neitt meira. Síðan stjórnar maður því bara sjálfur hvernig maður fer með lífið sitt. Hver er sinnar gæfu smiður.“

Guðrún er dóttir hinnar miklu félagsmálakonu Geirprúðar Charlesdóttur (jafnan kölluð Geigei) og Jóns B. Guðjónssonar járnsmíðameistara, bæði innfæddir Ísfirðingar. Föður sinn missti hún fyrir rúmum fimm árum. Guðrún er yngst af þremur systkinum. Elst er Ólöf og síðan er Guðjón Davíð. Þau búa bæði fyrir sunnan. „Af æskufjölskyldunni minni erum það bara við mamma sem erum hérna fyrir vestan,“ segir hún.

Eiginmaður Guðrúnar er Torfi Einarsson, útíbússtjóri hjá Sjóvá á Ísafirði. Börn þeirra eru Sigrún Líska, 16 ára, og Einar Torfi, 14 ára. Alla tíð frá því að þau Torfi tóku saman og hún fluttist aftur vestur á heimaslóðir fyrir sautján árum eftir nám og störf hérlendis og erlendis hafa þau búið við Skólavegin í Hnífsdal.

Söngkonur eru ekki ómálaðar!

Guðrún útskrifaðist úr Söngskólanum í Reykjavík árið 1989.

„Fyrsti kennarinn minn þar var Sigrún Andrésdóttir en ég útskrifaðist sem söngkennari frá Þuríði Pálsdóttur og Jórinni Viðar. Þuríður var mjög ákveðinn kennari.

Maður komst ekki upp með neitt móð hjá henni. Ég sakna þess svolítið, mér finnst við vera orðin svo kærulaus í dag, okkur vantar að bera meiri virðingu fyrir því sem við erum að gera.“

Einu sinni var ég í gallabuxum þegar ég kom til Þuríðar í tíma, og hún rak mig heim. Guðrún mín, ef þú ætlar að verða söngkona, sagði hún, þá kemur þú ekki svona klædd. Ég varð svo hissa! En auðvitað hlýddi ég og fer síðan aldrei í gallabuxur, nema kannski þegar ég fer á sjóinn. Í annað skipti þegar ég kom í söngtíma sagði hún: Guð minn almáttugur, viltu gjöra svo vel og fara fram og mála þig, söngkonur eru ekki ómálaðar, Guðrún! Og ég fór og málaði mig.

Einhverju sinni var ég að fara í einhvern prufusöng, og þá fór hún með mig inn í fataskáp hjá dóttur sinni og fataði mig upp. Þuríður kenndi mér þannig alla þessa söngkonutakta, sem auðvitað er alveg stórskemmtilegt að rifja upp. Maður syngur ekkert án þess að klæða sig upp á og gera sig fínan!“

Á fyrstu hæð, sem betur fer

Eftir að Guðrún útskrifaðist frá Söngskólanum sem söngkennari fór hún til Ítalíu og var þar í söngnámi í þrjú ár. „Það var ákaflega skemmtilegur tími, þessi áhyggjulausa námsár. Einu áhyggjurnar voru hvort námslánin kæmu á réttum tíma. Að öðru leyti var þetta hið ljúfasta líf. Ég var mjög heppin með kennara og svo bjó ég með svo óskaplega skemmtilegri konu, minni góðu vinkonu Önnu Sigríði Helgadóttur. Það var aldrei leiðinlegt hjá okkur Önnu Sigu! Ef eitthvað

stefndi í að verða leiðinlegt, þá tókst okkur alltaf að gera eitthvað skemmtilegt úr leiðindunum, tókst að gera leiðindi alveg ljómandi skemmtileg!“

Ég er til að mynda óskaplega stríðin. Anna Sígga vildi gjarnan sofa út, fór seint að sofa og vaknaði seint. Alveg öfugt við mig, sem fór snemma að sofa og tók daginn snemma. Ég hafði svo gaman af því að stríða henni Önnu! Hún var mjög sterk, og þegar hún var búin að fá nóg, þá tók hún mig í bóndabeygju og henti mér út um gluggann. Við bjuggum á fyrstu hæð, sem betur fer.

Á námsárunum ytra bjó Guðrún í Rovigo, fimmtíu þúsund manna bæ á Pósléttunni á Norður-Ítalíu, um áttatíu kílómetra suðvestur af Feneyjum.

„Einhverju sinni vorum Anna Sígga á leiðinni út á strönd. Við áttum gamla Fiat-druslu og Anna ætlaði að leggja sig á leiðinni. Ég sagðist bara vekja hana þegar við kæmum til Santa Anna, sem er lítið þorp. Og við hvert einasta þorpsskilti sagði ég: Nú hlýtur að fara að koma Santa Anna! og alltaf var Anna jafnpirruð. Svo þegar loksins kom Santa Anna, þá stoppaði ég, hnippi fast í hana og sagði: Nú er Santa Anna!“

Hún spratt upp, togaði mig út úr bílnum, tók mig í bóndabeygju og var á leiðinni að troða mér ofan í ruslagám með tilheyrandi öskrum og skrækjum í mér. Þá var einmitt siesta og til okkar kom maður æðandi bara á nafnunum og ermalausum bol með eitt-hvert barefli í höndunum, fægiskúffu eða eitthvað, og elti okkur, en við áttum fótum fjör að launa, æpandi af hlátri.“

La dolce vita

„Anna Sígga sagði reglulega: Jæja, nú þurfum við að gleðja okkur, Guðrún mín. Þá fórum við í UPIM, sem er svona Hagkaup, og mátuðum hatta og undirföt og skemmtum okkur konunglega.“

Þegar ég var aðeins búin að vera stuttan tíma á Ítalíu og kunni nánast ekkert í málinu fórum við á kaffihús. Þessi líka ljómandi huggulegi barþjónn afgreiddi okkur og brosti sínu blíðasta, meira að segja blikkaði mig. Ég auðvitað kiknaði í hnjáliðunum og fannst ég ómóttstæðileg. Þegar við fórum út sagði hann *ciao bella*. Ég sveif út og sagði: Heyrðirðu hvað hann sagði, ciao bella! Anna leit á mig og sagði: Róaðu þig elskan, þeir segja þetta við allar.

Þar hrundi það, og ég lærði líka ítölsku og lærði að þeir kunna sko að heilla mann. Ef maður sagði: Nei esskan, ég er reyndar gift, var svarið oftast en ekki: Það er bara betra, ég er ekki afbrýðisamur.

Í þessum dúr var lífið okkar á Ítalíu, það var svo skemmtilegt! Auðvitað tókum við námið alvarlega líka, en þennan áhyggjulausa tíma er svo gaman að eiga í minningunni.“

Guðrún segir að ekki hafi verið mikið menningarlíf í Rovigo. „Það var sett upp ein ópera á ári í leikhúsinu. Eitt sinn ætluðum við í óperuna um kvöldið, ég fór út að hlaupa um morguninn og fór svo í sturtu þegar ég kom heim. Þegar Anna Sígga vaknar er ég uppáklædd í sparifötum og búin að mála mig. Hún lítur á klukkuna og segir: Af hverju ertu svona fín, það er ekki einu sinni

Sælkeri vikunnar er Ingibjörg Heba Halldórsdóttir á Ísafirði

Steinbítur og línuterta

Þessi réttur varð til í eldhúsinu mínu eftir að ég fékk gefins steinbít og vissi ekkert hvernig ég ætti að matreiða hann svo ég ákvað að nota það sem var til og það lukkaðist líka svona ljómandi vel.

3 - 4 Steinbítisflök
Salt og pipar eftir smekk
Dill
Léttur sveppasmurostur
Rifinn ostur
Kryddblanda (krydd úr skápnum)

Steinbíturinn er roðflettur og beinhreinsaður og kryddaður með Dill og smá salt og pipar,

smurður með létt sveppasmurostinum og rúllaður upp og kryddaður eftir smekk ég notaði bara einhver krydd sem ég á til en í litlu magni. Hita þetta í ofni við 180 C° á blæstri.

Þetta er svo borið fram með ofnbökuðum sætum kartöflum sem er velt vel upp úr olíu og kanil og bakaðar við 180 c° í 35 mín. Og svo er ferskt salat ómissandi.

Ég vil líka bjóða ykkur upp á fljótlega tertu sem er mjög einföld og góð.

Línuterta

1.pk Betty Crocker brún

1 peli rjómi
2-3 bananar
súkkulaðispænis
kókosmjöl
Súkkulaðiglassúr (flórsykur , kakó , smá kaffi eða vatn)
Bakið 2 Betty botna (einnig hægt að nota skúffukökuuppskrift)

Bananarnir stappaðir saman og rjómin þeyttur og þessu blandað svo saman með súkkulaðispænis og smurt á neðri botninn svo er efri botninn lagður yfir og kókosmjölinu stráð yfir

Ég skora svo á Jón Sigmundsson vin minn frá látrum að vera næsti sælkeri vikunnar.



komið hádegi? Ég svaraði: Við erum að fara í óperuna!

Þá var tilhlökkunin svo mikil að ég var tilbúin fyrir hádegi að fara í óperuna um kvöldið.“

Indverski þjónninn grafalvarlegi

„Þegar þessu tímabili mínu á Ítalíu lauk var ég mjög heppin. Maður stendur auðvitað í lausu lofti þegar námi lýkur og gerir sér grein fyrir því að núna þurfi að stíga inn í alvöru lífsins. En ég var svo heppin að fá hlutverk Adele í Leðurblökunni eftir Jóhann Strauss norður á Akureyri. Þetta var 1993. Þar var ég eitt-hvað um sex mánuði og við sem störfuðum þarna hjá Leikfélagi Akureyrar bjuggum í eins konar kommúnu. Þetta var alveg stórskemmtilegur tími.“

Einn leikarinn í sýningunni nyrðra var Sigurþór Heimisson, kallaður Sóri.

„Hann var í algerlega hljóðu hlutverki, lék indverskan þjón sem sagði aldrei eitt einasta orð og stökk aldrei bros. Ég setti mér það markmið að ég ætlaði að koma honum til að brosa. Við stóðum sitt í hvorum sviðsvængnum í hverri sýningu, bæði á leiðinni að fara inn á svið. Enginn sá okkur þarna en við sáum hvort annað. Á öllum sýningum spilaði ég eitthvert fífl á meðan við biðum og reyndi að fá Sóra til að brosa. En aldrei brosti Sóri. Ég spurði hvernig hann gæti alltaf verið svona alvarlegur, og hann svaraði: Maður tekur hlutverkið alvarlega, Guðrún!

Svo kemur að síðustu sýningunni. Þá var ég eiginlega búin að gefast upp á Sóra. Í þann veginn sem ég er að hlaupa inn á sviðið – hann var í pokabuxum og með teygju í mittinu – þá tekur hann niður um sig buxurnar. Eitt andartak stendur hann þarna kviknakinn, grafalvarlegur, og kippir svo aftur upp um sig buxunum.

Það sem bjargaði þessu að mestu var bara að Adele er svoddan skellibjalla og hláturmild. Sem betur fer þurfti ég ekki að syngja þegar ég fór inn á sviðið í þessu atriði, heldur bara að tala. Og þegar ég sný mér við á sviðinu, þá stendur þar indverski þjónninn eins og vera ber grafalvarlegur og sviplaus og ég fékk aftur hláturskast. Ég veit ekki hvernig ég komst í gegnum sýninguna. En um leið og tjaldið féll að sýningu lokinni, þá sprakk indverski þjónninn úr hlátri og sagði: Ég náði þér!“

Söng Waterloo fyrir Björn og Benny

„Eftir þetta fór ég að þvælast um og leita mér að meiri vinnu. Draumurinn var náttúrlega að vera í leikhúsi. Líkt og aðrir söngvarar þvældist ég um Evrópu. Síðan var ég svo heppin að fá vinnu í Gautaborg. Þetta var enn einn lærdómurinn og mjög

skemmtilegur tími. Meðal annars söng ég í söngleik eftir þá Abba-félagana Björn og Benny, sem heitir Kristína frá Duvemåla. Mjög íburðarmikill og flottur söngleikur. Hann er byggður á Vesturförunum eftir Vilhelm Moberg. Max von Sydow og Liv Ullmann léku í kvikmyndinni. Þarna lágu aftur saman leiðir okkar Önnu Sögu vinkonu minnar. Þá var hún í Danmörku. Það vantaði alt-söngkonur og ég hvatti hana til að koma og við vorum saman í þessu stykki. Það var ekki leiðinlegt!

Mér er minnstætt þegar þeir Abba-félagar mættu á æfingu í fyrsta skipti. Við Anna Sögu sátum hlið við og vorum auðvitað mjög spenntar að hitta þá, og um leið og þeir birtust hnippiti ég í Önnu Sögu, stóð upp og söng Waterloo. Anna dó úr hlátri og ég auðvitað líka. Maður getur nú gleymt sér í hita leiksins! Þeir bara brostu, strákarnir.“

Tilveran endurmetin

„En þegar ég var búin að vera þarna í eitt ár, þá komst ég að þeirri niðurstöðu, að þessum



draumi mínum um leikhús var einfaldlega fullnægt. Ég var orðin 36 ára gömul og hugsaði með mér: Vil ég daga uppi hérna í Svíþjóð án eigin fjölskyldu, langar mig að halda áfram að búa í ferðatöskum? Og svarið var: Nei, núna ætla ég að gera eitthvað annað!

Og ég gerði það. Ég sagði upp, og Svíarnir héldu náttúrliga að ég væri orðin vitlaus. Ég fór heim, og hér er ég í dag!“

Guðrún kom þó ekki alveg strax vestur. Fyrst var hún einn vetur í Reykjavík.

„Þá er ég búin að kynnst honum Torfa mínum og hann plataði mig hingað vestur. Hér tók við alveg nýtt líf og ennþá skemmtilegra en leikhúslífið. Núna er ég búin að eiga heima hérna fyrir vestan í sautján ár síðan ég kom aftur, og það eru endalaus ævintýri. Heimilið er eins og félagsmiðstöð, hér er alltaf fullt hús af krökkum og fullt hús af dýrum. Hér fá allir húsaskjól, meira að segja æðarfuglar og selir.“

Sagan af Unga-Punga

„Dóttir mín var fyrsta veran sem æðarungi nokkur leit augum og hann hélt náttúrliga að hún væri móðir sín. Við sátum uppi með þennan æðarunga í heilt sumar. Við áttuðum okkur á því með tímanum að þetta var bliki. Hann fór með okkur hvert sem var, fór með okkur á skútunni og

fór með okkur út að róa á kajak. En alltaf vorum við að reyna að losna við hann. Það þýddi náttúrliga ekki neitt því að hann elti okkur alltaf!

Svo vorum við á leiðinni til Reykjavíkur um haustið og gátum auðvitað ekki skilið hann eftir, svo að hann var settur í hamstrabúr. Við stoppuðum í Reykhólasveitinni þar sem var eins konar andapollur. Við gáfum honum góðan tíma til að kynnst þarna kynsystkinum sínum, og svo læðumst við í bílinn. Það lá við að við þyrðum ekki að starta honum, það lá við að við ýttum honum á undan okkur til að láta sem minnst á þessu bera. Svo keyrum við rólega í burtu, en hvað blasir þá ekki við í speglunum? Kemur ekki unginn hlaupandi út úr andahópnum á harðaspretti með vængina sperrta upp, og okkur hreinlega fannst við heyra hann æpa: Afhverju skiljið þið mig eftir hjá þessum vitleysingum?

Auðvitað fór hann með okkur til Reykjavíkur, og það þurfti að stoppa við nánast hvern poll til að leyfa honum að synda og gefa honum að éta og drekka.“

– Ekki hefur hann hlaupið á eftir bílnum alla leið til Reykjavíkur?

„Nei, við náttúrliga tókum hann upp í bílinn. Við gátum ekki gert annað. Hann var með okkur fyrir sunnan og kom svo með okkur aftur vestur.

Það lá við að fjölskyldan hefði ekki baðað sig í heilt sumar því að hann átti baðkarið. Auk þess þurfti að fara með hann á hverju einasta kvöldi að leyfa honum að synda í sjónum. En einn góðan veðurdag um haustið hvarf hann. Var ekki í garðinum þegar ég kallaði á hann. Við leituðum hér um allt og hrópuðum og kölluðum og þóttumst sjá hann alls staðar. En, hann var horfinn sporlaust.

Nema hvað, að því kemur að ég hitti frænda minn, Ólaf Halldórsson, sem kenndur er við Sandfell. Einhvern veginn berast æðarfuglar í tal og ég segi honum undan og ofan af þessu ævintýri með ungann. Þá segir Óli: Heyrðu, ég held að ég viti hvar hann er, það birtist æðarungi hérna í portinu við Sandfell og labbaði bara inn og gerði sig heimakominn.

Óli er með æðarkolluhjarta eins og ég, fór heim með ungann og leyfði honum að vera í bílskúrnum hjá sér yfir veturinn. Síðan endaði þessi bliki inni í Vigur. Við ætlum að minnsta kosti að trúa því að það sé sami æðarblikinn. Við kölluðum hann alltaf Unga-Punga en hjá Óla hét hann að mig minnir Búkollur. Óli kom til mín með mynd af þessum blika inni í Vigur.“

– Það er þekkt að dýr halda að þau séu menn ef þau byrja á því í frumbersku að kynnst fólki. En voruð þið Torfi og krakkarnir

ekkert farin að halda að þið væruð æðarfuglar?

„Jú, ég var meira að segja farin að hugsa eins og æðarkolla! En svo var þetta nú eiginlega toppað.“

Þegar Búbbi heyrði barnsgrát

„Klukkutíma áður en dóttir mín átti að fermast var hringt í hana og sagt: Það er lítill kópur hérna niðri í fjöru, ég held að hann sé að deyja, hrafarnir eru farnir að sveima í kringum hann, viltu ekki reyna að bjarga honum? Dóttir mín sagði náttúrliga jú og sagði við pabba sinn: Pabbi, komdu strax. Og þau fóru, í sparifötunum, og sóttu kópinn. Þau komu með hann í þvottabala, og ég sagði: Erud þið orðin snælduvitlaus?

En ekki gátum við nú látið selinn deyja, svo að hann var geymdur úti á palli á meðan við fermdum dótturina og héldum veislu, og síðan var hann hjá okkur áfram. Þar var það sama og með æðarungann, það komst enginn í það.

Eftir þetta get ég með sanni sagt: Selurinn hefur mannsaugu. Hann grætur eins og barn. Selurinn elti okkur rétt eins og unginn. Ef ég fór út á pall, þá elti hann mig, og þegar ég fór inn í eldhús, þá elti hann mig og skældi.

Og það var líka það sama með selinn og æðarungann, það þurfti að fara með hann í sjóinn að synda á hverju einasta kvöldi.

Þegar við töldum að selurinn væri orðinn nægilega gamall til að bjarga sér, þá fóru Torfi og krakkarnir með hann á hraðbáti inn fyrir flugvöllinn neðan við Höfða innst í Skutulsfirði þar sem hann fannst. Þar var hann skilinn eftir og auðvitað hlaupið á harðaspretti í bátinn til að selurinn næði ekki að elta þau og spýtt til baka og undir Hafrafellsbrúna og beina leið inn í skútuhöfn.

Nokkru seinna fórum við að gá hvort við sæjum selinn þarna. Nei, við sáum hann ekki, og báðum bara þann sem öllu ræður að núna gæti hann bjargað sér sjálfur. En sólarhring seinna er hringt í Torfa. Þá er það Búbbi skútukall (Sigurður Jónsson). Þegar hann mætir eldsnemma í skútuna sína heyrir hann barnsgrát, að hann heldur, og fer að gá. Er þá ekki kópurinn kominn á sama stað og þau sigldu í burtu með hann! Og Búbbi segir við Torfa: Ég er með selinn þinn!

Og við hugsuðum með okkur: Nú sitjum við uppi með selinn það sem eftir er. En þá var ég svo heppin, að við Búbbi ákváðum að grípa til ráðstafana. Niðurstaðan varð sú að hann ættleiddi selinn, þannig að Búbbi og fjölskylda gátu ekki baðað sig um sumarið, en krakkarnir mínir fóru með hann að synda á hverjum einasta degi. Þau fóru í þar til gerða galla og syntu með selnum,

„Mér finnst ég svo lánsöm manneskja. Ég er búin að fá að lifa drauma, búin að upplifa það að vera söngkona, að vera á sviði, að fá að eignast börn, eignast eigin fjölskyldu, og það er ekki hægt að biðja um neitt meira. Síðan stjórnar maður því bara sjálfur hvernig maður fer með lífið sitt. Hver er sinnar gæfu smiður.“

en hann fór aldrei of langt frá þeim og kom alltaf með þeim aftur.

En smám saman lærði selurinn að það var betra að vera í sjónum en í baðkarinu hjá Búbba. Hann var orðinn vel feitur af allri þorskalifrinni sem hann fékk. Hann var orðinn svo þungur þegar við bárum hann stundum úr bílnum og niður í fjöru, hann vildi láta halda á sér, og ég get sagt þér að ég lyкта enn af lýsi. En einn góðan veðurdag fór hann, synti bara í burtu. Hann lærði loksins að bjarga sér. Þannig sérðu að lífið er bara ljómandi skemmtilegt!“

Syngur ekki í baði

„Það skemmtilegasta sem ég geri er að kenna. Auðvitað finnst mér líka gaman að syngja og mér finnst gaman yfirleitt að vera til og róa á kajak og gera aðra skemmtilega hluti.

En í dag syng ég bara þegar mig langar til, hvort heldur fyrir sjálfa mig eða aðra. Ætli það sé

ekki ár síðan við Margrét Gunnarsdóttir píanóleikari vinkona mín héldum tónleika í Edinborgarhúsinu. Þar fluttum við lög sem okkur þóttu skemmtileg og í rauninni gerðum við þetta bara fyrir okkur sjálfar!“

– Mér skilst að margir syngi helst í baði. Gerir þú það kannski þegar æðarfuglar og selir hleypa þér í bað á annað borð?

„Nei, ég syng aldrei í baði!“

Sumarbústaður á floti

„Torfi átti bát á sínum tíma en eftir að hann kynntist skútunni hefur hann ekki viljað neitt annað. Og hann plataði mig með í þetta, ég var svo vatnshrædd að mér fannst næstum því vont að fara í sturtu! En hann plataði mig út á sjó. Ég ætla nú ekki að segja að ég hafi heillast af fyrstu sjóferðinni, en eitthvað togaði mig þannig að ég vildi prófa aftur. Mér fannst náttúrliga skútan hallast alltof mikið og var með hjartað í buxunum.

En síðan hefur mér fundist

15. Maí - 20. Maí

★ Ísaðararbið ★

ROGEN EFRON

MEIGBOERS

Allra síðasta sýning

FIMMTUDAG 15. MAÍ KL 8

LÁSI

LÖGUBÍL

ISL TAL

OLIT

Spennandi mynd fyrir yngstu kynslóðina

Sunnudag kl 3

GLÆNÝ ÍSLENSK STÓRMÝND

INNBLÁSIN AF SÖNNUM ATBURÐUM

VONARSTRÆTI

ALLIR HAFA EITTHVAÐ AÐ FELA

ATHI BREYTTAN SÝNINGARTÍMA

FÖSTUDAG KL 7

LAUGARDAG KL 7

SUNNUDAG KL 7

EIN AF STÆRSTU MYNDUM ÁRSINS

Sýnd bæði í 2D og 3D

GODZILLA

ATHI BREYTTAN SÝNINGARTÍMA

FÖSTUDAG KL 9. 3D

LAUGARDAG KL 9. 3D

SUNNUDAG KL 9. 3D

MÁNUDAG KL 8. 2D

ÞRIÐJUDAG KL 8. 2D



þetta mjög skemmtilegt. Það er eitthvað við sjóinn sem er svo heillandi, jafnframt því sem það getur verið svo ógnvekjandi. Núna erum við búin að sigla í tólf-þrettán ár á skútunni okkar, þetta er 34 feta skúta sem við eigum ásamt vinahjónum okkar. Og þegar fólk spyr: Ætlið þið ekki að fara eitthvað í sumarfríinu, þá segjum við: Jú, við ætlum að sigla. Þá er spurt: En ætlið þið ekki að fara eitthvað? Jú, við förum inn í Jökulfirði og hér inn í Seyðisfjörð, við þurfum ekki að fara neitt lengra!

Skútan er bara eins og yndislegur sumarbústaður á floti. Í hverri einustu ferð sérðu eitthvað nýtt. Og bara það að kúpla sig frá, komast í kyrrðina, það er alveg stórkostlegt. Auðvitað lendir maður stundum í svaka brælu. Þá segi ég bara: Þetta er svolítið eins og að fæða barn: Maður verður bæði kvíðinn og ofurspenntur, en þegar komið er á lyngnan sjó og við legufæri, þá er allt þetta gleymt.“

Básaveður og skútan á hliðina

„Við lentum einu sinni í dálitlum háska. Og eins og ég segi: Lífið er til þess að læra af því. Þá erum við bara að sigla hér inn Skutulsfjörðinn. Við vorum að koma innan úr Reykjanesi og lögðum af stað í blíðskaparveðri. Svo gerir brælu á leiðinni, en það var bara skemmtileg bræla og skemmtileg sigling.“

Þegar við komum síðan í Skutulsfjörðinn, þá er þessi leiðinlega suðaustanátt, svokallað Básaveður. Við erum einmitt komin inn undir Básana þegar á okkur kemur þessi svakalega hviða. Við erum náttúrulega alltaf með fullan bát af börnum, það voru fjórir krakkar um borð og síðan Jón Ólafur kunningi okkar sem kom með okkur úr Reykjanesinu. Sem betur fer. Hann stóð frammi á stefni eins og við gerum alltaf þegar við erum að sigla inn og hélt í fukkustagið. Ég er nýbúin að taka krakkana inn í bát-

inn, það væri svo hvasst. Nema einn gutti segir: Nei, ég er hvort eð er svo blautur. Torfi segir við hann: Haltu þér bara fast, það er dálítið hvasst. Svo kemur þessi svaka druna og báturinn leggst algerlega á hliðina.

Það var enginn tími til að vera hræddur, og Torfi er náttúrulega flinkur og skútan er þannig að hún réttir sig strax þegar svona gerist. En ég sá hvernig strákurinn var láréttur í loftinu og ég hugsa: Jón Ólafur hefur bara þeyst út í sjó. Nei, hann hékk þarna líka láréttur í loftinu og skútan rétti sig strax. Við vorum bara á heppilegum stað, ég hefði ekki viljað vera komin nær grjótgardinum við innsiglinguna.

Við leggjum bátnum venjulega inni á Polli en Torfi beygði beint inn í smábátahöfnina. Og þegar við komum að bryggjunni, þá fór ég með Faðirvorið. Ég hélt að skútan myndi bara brotna þarna við bryggjuna, lætin voru þvílík. Ég hefði aldrei getað hjálpað Torfa að koma skútunni að

bryggjunni, en þarna voru þeir tveir þannig að það tókst. Það var ekki stætt á höfninni. En eftir svona hálf tíma var komið logn.

Eftir þessa ferð hugsaði ég með mér: Ætli ég þori að fara aftur? En ég er búin að fara í margar ferðir síðan!“

Sjórinn er vinur þinn

– Og svo er það kajakinn ...

„Varðandi kajakinn, þá hef ég því miður róið alltof lítið þetta árið, en núna ætla ég að gera bragarbót og vera dugleg að róa. Halldór Sveinbjörnsson plataði mig í þetta. Ég fór á eitt námskeið hjá honum og svo sagði hann bara: Núna kemurðu með mér út á sjó. Mér leist nú ekki alveg á það, en hann er bara svo flinkur kennari og svo sannfærandi. Svo sagði hann: Nú hvolfirðu þér. Ertu vitlaus, það þori ég ekki, sagði ég. Jújú, sagði hann, og síðan hvolfði ég mér bara! Sjórinn er ekkert vondur á bragðið, og Dóri sagði: Sjórinn er vinur þinn.“

Þannig lærði ég á kajak.

Og núna ætla ég að gera eitt sem ég hef aldrei gert áður, mér finnst svo gaman að prófa eitt-hvað nýtt: Ég ætla að vera með siglinganámskeið í sumar. Torfi verður mér til halds og trausts. Ég hlakka mikið til að vinna og leika mér í leiðinni.“

Hver er sinnar gæfu smiður

Þeim sem þetta skrifar finnst við hæfi að ljúka viðtalinu við Guðrúnu Jónsdóttur með því að endurtaka nokkrar setningar frá því í byrjun:

„Mér finnst ég svo lánsöm manneskja. Ég er búin að fá að lifa drauma, búin að upplifa það að vera söngkona, að vera á sviði, að fá að eignast börn, eignast eigin fjölskyldu, og það er ekki hægt að biðja um neitt meira. Síðan stjórnar maður því bara sjálfur hvernig maður fer með lífið sitt.“

Hver er sinnar gæfu smiður.“

– hpm.



Dagar Íslands

15. maí 1987: Matthias rust, ungur þýskur flugmaður kom til landsins til að æfa sig fyrir flug til Moskvu sem hann hlaut heimsfrægð fyrir.

16. maí 1966: Karnabær var opnaður í Reykjavík. Verslunin hafði mikil áhrif á tísku unga fólksins í landinu næstu árin.

16. maí 1983: Víkublaðið Andrés Önd kom út á íslensku í fyrsta sinn en áður höfðu margir lesið það á dönsku.

17. maí 1940: Breskir hermenn komu til Akureyrar með varðskipinu Ægi. Þá var vika liðin frá upphafi hernámsins.

19. maí 1950: Farþegakipið Gullfoss kom til landsins. Þúsundir Reykvíkinga fögnuðu skipinu sem rúmaði 210 farþega og 60 manna áhöfn. Gullfoss var í förum fyrir Eimskipafélag Íslands til 1973.

19. maí 1983: Boeing þota með geimskutluna Enterprise ofan á flaug yfir Reykjavík og lenti á Keflavíkurlugvelli.

20. maí 1986: Sex af forráðamönnum Hafskips hf. voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald meðan verið var að rannsaka meint brot þeirra. Fimm árum síðar voru þeir allir sýknaðir.

20. maí 1994: Þórólfur Jónsson útskrifaðist úr Verslunarskóla Íslands með hæstu einkunn sem gefin hafði verið á stúdentsprófi hér á landi.

21. maí 1983: Ásmundarsafn, safn Ásmundar Sveinssonar við Sigtún í Reykjavík, var formlega opnað. Sex árum síðar gaf listamaðurinn Reykjavíkurborg safnið sitt eftir sinn dag. Safn Ásmundar við Freyjugötu hafði verið opnað almenningi 1934.

21. maí 1994: Sturla Friðriksson lagði til að Íslendingar veldu Holtasóley sem þjóðarblóm Íslendinga.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

SV 3-8 m/s og lítilsháttar súld eða rigning SV-til en annars bjartveðri. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:

Austan og SA-átt. Úrkomulítið. NA 5-10 m/s og þykkar upp NV-til um kvöldið Fremur milt.

Horfur á sunnudag:

Gengur í N-átt með rigningu eða slyddu fyrir norðan með kólnandi veðri.

Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	Verur	Skák	Samhlj.	Yfir-hafnir	↖	Sömu	Sver-leiki	↖	Venda	↖
					1000			Tala		Auðlind	
Máls-háttur					↘	Skaðinn					
Snemma											
↘				Stafur				Líta			
				Maður				Taum-haldið			
Frekja							Vesæla				
Hak					↘		Eins				
Kopar					Hindra						↘
↘			Þráð-urinn							Sérhlj Krydd Eins um I	
			Brosa								
Átt		Læt af hendi				Óþekktur			Flan		
Ásjónu		Flenna				Vit			Með Hindra		
↘							Nálægð				
							Níða				
Ruggar	↔							Sigti			
Dálítið				Ávöxtur							Snemma
Frekja				Angar							
↘					Lítur					✓	
					Blund-uðuð						
Tala		Nokkuð 51 Sam-kvæmi				Dæld					
						Fuglinn					
Sýl			Kyn-blending						✓		
Skítur			Skák								
↘							Leit				
							Lúsar-egg			Maður	Veislu
Bruðl	↘	✓									
	Upphrópun							Eins	Lána		
↘				Dvelur And-spænis Átt					✓		
Veitt						Dá					

BÍLAVERID ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

ÁSINN

2x10 lítra
á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

				R	Á	N	S	H	Ö	N	D
				Ó		Þ		A	S		
				H	R	I	N	G	T		
Jón Steingr.	↓			R	Ó	N	A	N	A	E	
	V	A	N	H	E	L	G	A		G	F
R	E	F	E	I	S	A		F	Ú	S	T
	G	L	Y	M	S	K	R	A	T	T	I
	S	A	T	N		Á	A		S		R
	U	M	T	A	K	P	L	Á	J	H	
S	M	Á	U		V	A	L	Þ	Ó	R	
	M	S		A	A		V	E	N	S	L
T	E	I	K	N	K	L	A	K		F	E
	R		A	D	A		S	K	R	Ó	P
S	K	Ö	R	V		Ö	A		Ó	J	Á
S	I	R		A	N	G	R	A		Þ	S
		I	N	N	B	R	O	T	S		J
M	U	N	N	A	N	A		S	T	J	Á

Sudoku prautir

5						1	4	
	7	9	1	5		6		
			6					9
		5		8				7
	2						3	
6				4		5		
4					9			
		8		3	5	2	1	
	5	1						8

	1						3	8
			3			9		
			4	2				
5				7		8	4	
		4	1		9	5		
	2	9		4				7
				5	1			
		3			4			
7	6						8	

Listi sjálfstæðismanna og óháðra í Bolungarvík

Sjálfstæðismenn og óháðir í Bolungarvík bjóða fram undir listabókstafnum D við bæjarstjórnarkosningarnar 31. maí. Listinn samanstendur annars vegar af fólki úr Sjálfstæðisflokknum en hins vegar fólki sem starfar utan stjórnmálaflokka, segir í tilkynningu. Í fyrsta sæti listans er Elías Jónatansson bæjarstjóri, önnur er Margrét Jónmundsdóttir, starfsmaður félagsþjónustu, þriðja er Guðbjörg Stefánía Hafþórsdóttir, grunn- og leikskólakennari og nemi, og í fjórða sæti er Baldur Smári Einarsson, viðskiptafræðingur og bæjarfulltrúi.

Að öðru leyti er listinn þannig skipaður: 5. Helga Svandís Helgadóttir, grunnskólakennari, 6. Einar Guðmundsson, umboðsmaður, 7. Sunna Rey Sigurjónsdóttir, bóndi, 8. Guðrún Halldóra Halldórsdóttir, þjónustufulltrúi og háskólanemi, 9. Hafþór Gunnarsson, pípulagningameistari, 10. Elísabet María Pétursdóttir, leikskólaserkennari, 11. Andri Rúnar Bjarnason, knattspyrnumaður, 12. Einar Guðmundsson, skipstjóri, 13. Guðrún Valdis Benediktsdóttir, verslunarstjóri, 14. Jón Guðni Pétursson, skipstjóri.

Þrenna hjá Andra Rúnari

Hið unga lið BÍ/Bolungarvíkur vann 4-0 stórsigur á Tindastóli í fyrsta leik sínum í 1. deild á þessari leiktíð, en leikurinn fór fram á Torfnésinu um síðustu helgi. Andri Rúnar Bjarnason skoraði þrennu á 18 mínútna kafla í seinni hálfleik eftir að Aaron Robert Spear hafði skorað fyrsta mark liðsins undir lok fyrri hálfleiks.

Fyrsta markið sitt skoraði Andri með fyrstu snertingu eftir um sjöttíu metra stungusendingu frá Magnúsi markverði. Halldór Páll Hermannsson hjá BÍ/Bol fékk að líta rauða spjaldið stuttu fyrir leikslök og þótti ýmsum það nokkuð vafasamur dómur.

smáar

Reyklaus maður leitar að lítilli íbúð eða herbergi til leigu í þrjá mánuði eða lengur sem fyrst, helst í sveit. Uppl. Paul í síma 661 3124 eða ancestralager@gmail.com.

Til sölu er gömul Sóló eldavei. Fæst fyrir lítið. Nýr brennari og eitthvað af varahlutum fylgja. Upplýsingar í síma 892 0854 og 456 7490.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N **Sjóvinnufatnaður**
Stígvél og vettlingar
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsasmíði
HÚSASMÍÐI EHF
Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060
Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
VESTFJARÐA ehf Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HF. (ÍSAFIRÐI)
Suðurgötu 9

Kampi EHF
Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HG **HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda



NIVEA

-  **1** Skolaðu af þér sápu
-  **2** Berðu á þig NIVEA IN-SHOWER
-  **3** Skolaðu af þér eftir nokkrar sekúndur
-  **4** Þurrkaðu þér og þú getur klætt þig strax

NÝTT



**HÚÐMJÓLK Í STURTUNA
HREINT DEKUR!**